


Samkomusalur Austurbæjarskólans er uppi á lofti í suðurálmunni. Gefur þetta nokkra mynd af því, hvernig aðbúnaður skóladagheimilisins kemur til með að vera ef af verður framkvæmdum. Aðalálman er allmiklu stærri.

Ljósmynd JIM

Tillaga fræðsluráðs:

Skóladagheimili á lofti Austurbæjarskólans

Þarna er að vísu lágt undir loft, en ég geri ráð fyrir því, að innrétta mætti þetta húsnæði til þessara afnota. Ég hef að vísu ekki gaumgæft þetta mál og það er auðvitað heilbrigðisyfirvalda, slökkviliðsstjóra og skólayfirvalda að kveða á um það.

Á þessa leið fórust Kristjáni Gunnarssyni, fræðslustjóra orð þegar Vísir innti hann álits á tillögu fræðsluráðs um að hafa skóladagheimili á lofti Austurbæjarskólans. Var hann meðmæltur þessari tillögu.

Tillaga fræðsluráðs er á þessa leið: „Vegna mikillar þarfar fyrir skóladagheimili í Austurbænum og vegna erfiðleika félagsmálaráðs við að finna húsnæði fyrir það í því hverfi, og þar eð á lofti Austurbæjarskólans er lítt nýtt ca. 500 fermetra húsnæði, samþykkir fræðsluráð að láta kanna, hvort þarna megi ekki innrétta og koma fyrir skóladagheimili því, sem borgarstjórn hefur ákveðið að koma upp í Austurbænum.

Jafnframt telur fræðsluráð rétt að kannað sé, hvort ekki sé hagkvæmt að tengja skóladagheimili meira skólunum í borginni. Samþykkir fræðsluráð að fela fræðslustjóra að kanna hvort áhugi sé fyrir hendi á þessari lausn."

Í greinargerð með tillögunni segir að húsnæði þetta sé rúmgott, hægt sé að hafa sér inngang frá Vitastíg og hugsanlegur aðgangur gæti verið að leiksvæði, sundlaug, bókasafni o.fl. Þá segir að flutningsmaður tillögunnar hafi haft óformlegt samband við skólastjóra Austurbæjarskólans, slökkviliðsstjóra og borgarlækni og sjái þeir ekki neina annmarka á þessum notum húsnæðisins.

Sjálfsögð réttlætiskrafa.

Skólastjóri Austurbæjarskólans hefur skilað áliti til fræðsluráðs og er málið nú í höndum félagsmálaráðs.

— Mér finnst þetta sjálfsögð réttlætiskrafa, ekki einungis fyrir þennan skóla heldur alla skóla, sagði Hjalti Jónasson, skólastjóri Austurbæjarskólans.

Sagði hann að sér þætti það synd að á meðan þörfin væri mikil fyrir dagheimili í borginni en húsnæðisskortur mikill, þá stæði allt þetta húsnæði ónotað. Að vísu hefur Eyjólfur Eyfells þarna smávægilega aðstöðu en að mestu er loftið þakið gömlu dóti, sem er að mestu leyti ruslahaugsmatur að sögn Hjalta, nema kannski kjörkassarnir, sem þarna eru geymdir.

—VS

Fjórir nýir olíutankar í Örfirisey

Hafnarstjórn hefur fallist á gerð sameiginlegrar lóðar Olíufélagsins h/f og Olíufélagsins Skeljungs fyrir fjóra 7800 rúmmetra olíugeyma á nýju landsvæði suðvestan við núverandi stöðvar félaganna í Örfirisey.

Mál þetta er nú til umfjöllunar hjá skipulagsyfirvöldum og umhverfisráði Reykjavíkurborgar. Er siglingamálastjóri að kanna hvort fyrirhugaður frágangur á tönkunum sé fullnægjandi, en gert er ráð fyrir þró í kringum tankana, sem á að geta tekið við innihaldi eins tanks.

Getur haft áhrif á staðsetningu olíuhafnar

„Þessi ákvörðun getur haft áhrif á staðsetningu olíuhafnar," sagði Ólafur B. Thors formaður hafnarnefndar Reykjavíkurborgar er hann var spurður hvaða áhrif þetta myndi hafa á legu olíuhafnar sem rætt hefur verið um að gera í Reykjavík.

„Enn er ekki ákveðin staðsetning olíuhafnarinnar enda er nú unnið að endurskoðun aðalskipulags. Hins vegar hefur verið rætt um ýmsa staði svo sem Geldinganes.

Það að reistir eru fleiri tankar í Örfirisey getur orðið til þess að höfninni verði endanlega valinn staður í Örfirisey. Jafnvel getur svo orðið í framtíðinni að lagður verði garður út í Engey."

SJ/EKG

Aldarafmælis Ásgríms Jónssonar minnst

Í tilefni af því að í gær voru liðin hundrað ár frá fæðingu Ásgríms Jónssonar, listmálara, eftir Reykjavíkurborg í samvinnu við Ásgrímssafn til yfirlitssýningar á verkum hans. Verður sýningin opnuð á morgun laugardag á Kjarvalsstöðum.

Þetta er stærsta sýning, sem haldin hefur verið hér á landi á verkum eins málara. Myndirnar eru 274 talsins og eru þær allar úr Ásgrímssafni, sem var dánargjöf listamannsins til þjóðarinnar.

Ásgrímur Jónsson varð fyrstur íslendinga til að gera málaralist að ævistarfi sínu eingöngu. Þegar hann andaðist árið 1958 voru í safni hans 192 fullgerð olíumálverk og 277 fullgerðar vatnslitamyndir, auk ófullgerðra mynda frá ýmsum tímum og fjölda þjóðsagnateikninga. Síðan hafa safninu borist að gjöf frá ýmsum aðilum 6 myndir, sem Ásgrímur málaði um aldamótin, þar á meðal elsta mynd listamannsins máluð þegar hann var 15 ára.

Yfirlitssýningin mun standa nokkrar næstu vikur og hyggst borgin gangast fyrir tveim Mozart-tónleikum í vestursal Kjarvalsstaða á meðan á sýningunni stendur, en Ásgrímur var mikill unnandi tónlistar og hafði hann sérstakar mætur á tónverkum Mozarts. Verða tónleikarnir auglýstir sérstaklega, þegar þar að kemur.

—SJ

Fræðsluráð um íþróttahús fyrir Hlíðaskóla og Hamrahlíðarskóla

EINN STÓR HAGKVÆMARI EN TVEIR LITLIR

Þeirri hugmynd hefur verið hreyft í fræðsluráði, að væntanlegt íþróttahús við Hamrahlíðarskóla verði reist með sameiginleg afnot íþróttasalarins við Hlíðarskóla í huga.

— Þetta er þó aðeins hugmynd en ekki tillaga fræðsluráðs, sem samþykkt var að leita eftir umræðum við menntamálaráðuneytið um, sagði Kristján Gunnarsson, fræðslustjóri í samtali við Vísi.

— Hugsunin er sú, sagði Kristján, að í staðinn fyrir að gera ráð fyrir íþróttasal í viðbótarhúsnæði fyrir Hlíðaskóla, verði sameiginleg aðstaða í íþróttahúsi menntaskólans. Salnum þar mætti skipta í tvennt eða þrennt eftir atvikum með lausum skilrúmum, sem þá gæti nýst sem einn stór til stærri íþróttamóta.

Hvenær væntanlegt íþróttahús rís er ekki ákveðið, er það háð fjárveitingavaldi Alþingis.

— Það er að minnsta kosti ekki inn á fjárlögum þessa árs, sagði Kristján.

—VS

Ólafur sótti ekki dómþing og enginn fyrir hann...



Ólafur Jóhannesson, dómsmálaráðherra sótti ekki dómþing, við þingfestingu máls þess, sem ritstjóri og þrír stjórnarmanna úr útgáfustjórn Vísis höfðuðu á hendur honum. Enginn mætti heldur fyrir hans hönd.

Við þingfestingu lögðu stefnendur fram málsskjöl sín.

Málið var því dómtekið að kröfu stefnenda og verður dæmt á framlögðum gögnum að svo miklu leyti sem þau fara ekki í bága við landslög.

Óvenjulegt er svo ekki sé meira sagt, að ekki sé sótt þing af hálfu stefnda í meiðyrðamáli. Eru þess fá ef nokkur dæmi.

—VS

Næturhólf

Það er ætíð óvarlegt að geyma peninga eða aðra fjármuni í misjafnlega traustum geymslum, – hvort sem þær eru í heimahúsum eða á vinnustað.
Með næturhólfum veitir Landsbankinn yður þjónustu, sem er algjörlega óháð afgreiðslutíma bankans. Þjónusta þessi hentar bæði fyrirtækjum og einstaklingum; gerir yður mögulegt að annast bankaviðskipti á þeim tíma sólarhringsins, sem yður hentar best; sparar yður fyrirhöfn; tryggir yður trausta og örugga geymslu á fé og fjármunum.
Kynnið yður þjónustu Landsbankans.

